



Reykjavík, 27. september 2019
BSS2019090002
4.3

UMSÖGN

Viðtakandi: Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bío Paradís

Sendandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur

Hverfisgata 54, Bío Paradís – Varðveislumat

Óskað hefur verið eftir umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur um varðveislugildi hússins Hverfisgötu 54, sem hýsti upphaflega kvikmyndahúsið *Regnbogann* en hýsir nú Bío Paradís.

Samantekt um sögu hússins

Húsið Hverfisgata 54 var reist árið 1977 sem kvikmyndahús, skrifstofu- og íbúðarhús. Það er þrílyft, steinsteypt hús með rishæð og bakbyggingum. Húsið fyllti upp í bil sem lengi hafði verið milli húsanna nr. 52 og 56 við Hverfisgötu, sem bæði voru reist á 4. áratugi 20. aldar fyrir timburverslun Árna Jónssonar. Í byrjun aldarinnar stóð þar steinbær sem var rifinn um 1925 en aftast á lóðinni byggði Árni Jónsson timburgeymsluhús sem stóð til 1974.




Húsið Hverfisgata 54 á ljósmynd frá 1989.¹

¹ *Morgunblaðið*, 17.9.1989 (blað B: Heimili - Fasteignir), bls. B17.



Upphaflegar teikningar að húsinu gerði Hörður Björnsson byggingartæknifræðingur og var þá gert ráð fyrir iðnaðar- og lagerrými á jarðhæð og í bakbyggingu. Árið 1977 fékkst leyfi til að innrétta þar kvikmyndahús í stað iðnaðarrýmis. Jóhannes S. Kjarval arkitekt og Finnur P. Fróðason innanhússarkitekt gerðu þá nýjar teikningar og var útliti og stærð hússins lítið breytt frá fyrri teikningum, utan þess að bætt var við stórrí hliðarbyggingu á baklóð milli húsanna Hverfisgötu 56 og Laugavegs 39. Miðasala og sælgætissala var innréttuð í forsal með aðkomu frá Hverfisgötu. Í bakbyggingu sem byggð er inn í landhalla að Laugavegi og fyllir út í lóðina var innréttaður stór aðalsalur kvikmyndahússins. Þrír minni sýningarsalir voru síðan innréttaðir í hliðarbyggingunni milli Hverfisgötu 56 og Laugavegs 39.



Teikningar Jóhannesar S. Kjarvals og Finns P. Fróðasonar að útliti og innra skipulagi kvikmyndahúss í húsinu Hverfisgötu 54 frá 1977.²

² Sjá teikningarvef Reykjavíkurborgar, <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> (Hverfisgata 54, BN 587/77).



Kvikmyndahúsið *Regnboginn* var opnað í húsinu á annan dag jóla 1977. Það var búið nýjustu tækni í sýningarbúnaði á þeim tíma og var fyrsta fjölsalabíó á landinu og að sögn á Norðurlöndum. Salirnir voru málaðir hver í sínum lit regnbogans og dró kvikmyndahúsið nafn sitt af því. Stofnandi Regnbogans var Jón Ragnarsson, eigandi Hafnarbíós, og rak hann bíóið til ársins 1989. Árið 1990 keypti Bíó hf. (dótturfélag Skífunnar), Regnbogann og rak áfram sem kvikmyndahús, en 2005-2010 var bíóið rekið undir merkjum Senu ehf. Síðustu sýningar í Regnboganum voru í maí 2010. Eftir það var um tíma óvissa um hvort kvikmyndahús yrði áfram rekið í húsnæðinu en í september 2010 tók þar til starfa nýtt kvikmyndahús, *Bíó Paradís*, sem starfar þar enn í dag (2019). Bíó Paradís er rekið af sjálfseignarstofnuninni Heimili kvikmyndanna sem ýmis fagfélög kvikmyndagerðarmanna standa að og þjónar víðu hlutverki, sem kvikmyndahús og vettvangur fyrir kvikmyndatengda menningarstarfsemi, viðburði og fræðslu. Bíó Paradís er nú eina kvikmyndahúsið sem starfrækt er í miðbæ Reykjavíkur, en þegar Regnboginn tók til starfa á sínum tíma voru þar a.m.k. fimm önnur bíó (Nýja bíó, Gamla bíó, Hafnarbíó, Stjörnubíó og Austurbæjarbíó).

Litlar breytingar hafa verið gerðar á útliti hússins frá því að það var byggt en aðkomu að kvikmyndahúsinu hefur þó verið breytt. Upphaflega var jarðhæð hússins meira inndregin frá götu en nú er og miðasalan var staðsett á milli inn- og útgangs á framhlið. Miðasalan hefur nú verið færð inn að austurvegg forsalar og gerður gluggi þar sem hún var áður. Jafnframt hafa inn- og útgangar, útitröppur og pallur við framhlið verið fært nær götu og skábraut komið þar fyrir. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar innanhúss, m.a. hefur forsalur verið stækkaður með breytingum á framhlið, tveir af minni bíósölunum í hliðarbyggingunni verið sameinaðir í einn og sæti, gólfefni og veggklæðningar verið endurnýjað.



Upphaflegt útlit og fyrirkomulag miðasölu og aðkomu að kvikmyndahúsinu á mynd frá 1989.³

³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Safnr.: 365 kvikmyndir Regnboginn 4. Ljósmyndari: Dagblaðið Vísir / Hs.



Núverandi staða hússins í skipulagi

Gildandi deiliskipulag fyrir reitinn sem húsið stendur á (Hverfisgata-Vatnsstígur-Frakkastígur-Laugavegur) var samþykkt árið 2003.⁴ Samkvæmt því eru skilmálar fyrir lóðina Hverfisgötu 54 óbreyttir, þ.e.a.s. ekki eru heimildir fyrir niðurrifi, nýbyggingum eða annarri uppbyggingu þar.

Svæðið sem húsið stendur á telst til miðborgarkjarna (M1a) samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Áhersla er lögð á að vernda einkenni miðborgarkjarnans og sögulega sérstöðu hans. Þar er verslunar-, veitinga-, menningar-, félags- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi á jarðhæðum, en á efri hæðum eru einnig heimildir fyrir skrifstofu- og íbúðarhúsnæði, sem og gistiþjónustu. Til þess að efla smásöluverslun, stuðla að fjölbreyttri starfsemi og lifandi almenningsrými gilda ákvæði um útlit og starfsemi við götuhliðar í miðborgarkjarna og fellur Hverfisgata undir slík ákvæði um götuhliðar.⁵

Húsið stendur jafnframt innan *hverfisverndaðs svæðis*, en í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er allt svæðið innan Hringbrautar skilgreint sem slíkt.⁶ Markmið þeirrar verndunar er meðal annars að „varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni“ elsta hluta Reykjavíkur.⁷



Núverandi útlit hússins (2019).⁸

⁴ Sjá Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar, <http://map.is/skipulag/>, deiliskipulag sp. 25.3.2003.

⁵ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. A-hluti, Landnotkun, bls. 207 og Miðborgin, bls. 199-200 og 203.

⁶ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. A-hluti, Borg fyrir fólk, bls. 164-167.

⁷ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. A-hluti, Borg fyrir fólk, bls. 166.

⁸ Ljósmynd tekin í september 2019. Borgarsögusafn Reykjavíkur / DKP.



Götumynd Hverfisgötu á þeim kafla þar sem húsið stendur (milli Vatnsstígs og Frakkastígs).⁹

Niðurstaða varðveislumats

Niðurstaða varðveislumats Borgarsögusafns er að húsið Hverfisgata 54 hafi miðlungs til hátt varðveislugildi sem felist einkum í menningarsögulegu gildi þess og þeirrar starfsemi sem það hýsir. Í því vegur þyngst að enn er óslitið það samhengi sem er milli upphaflegrar og sérhæfðrar hönnunar hússins sem fjölsala kvikmyndahúss, hins fyrsta sinnar tegundar hér á landi, og þeirrar starfsemi sem það hýsir og hefur hýst frá upphafi. Jafnframt er þar eina starfandi kvikmyndahúsið sem eftir er í miðbæ Reykjavíkur og þar með er það lifandi vitnisburður um þann þátt í sögu dægurmenningar og afþreyingar í Reykjavík. Starfsemi kvikmyndahússins á jarðhæð leggur mikið til götulífs og staðaranda við Hverfisgötu. Það er mat Borgarsögusafns að breytingar á innri gerð og notkun hússins myndu skerða varðveislugildi þess.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Borgarsögusafns:

Drífa Kristín Þrastardóttir
Verkefnastjóri / húsvernd

María Karen Sigurðardóttir
Deildarstjóri minjavörslu og rannsókna

Afrit í tölvupósti :
Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík, Minjastofnun Íslands

⁹ Ljósmynd tekin í september 2019. Borgarsögusafn Reykjavíkur / DKÞ.


Fyrsti eigandi Hafnarbíó hf. o.fl.

Hönnun Hörður Björnsson, Jóhannes S.

Upphafleg notkun

Kjarval, Finnur P. Fróðason

Kvikmyndahús, skrifstofu- og íb.hús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steinsteyptar

Upphaflegt útlit

Þrílyft
Ris
Kvistir

Helstu breytingar

1983	Íbúð 3. hæð
1983	Nýr salur H56
1984	Nýr sýn.klefi H56
1994	Miðasala færð o.fl.
1995	Tveir salir samein.
2011	Miðasala færð o.fl.
2013	Kv.sal H56 lokað

Hönnuðir breytinga

Finnur Fróðas./Jóh. Kjarval	arkitekt
ARKO	
Magnús Skúlason	arkitekt
Ómar Sigurbjörgsson	inn.ark.
Guðni Pálsson	arkitekt
Kári Eiríksson	arkitekt
Þormóður Sveinsson	arkitekt

Saga

Húsið Hverfisgata 54 var reist árið 1977 sem kvikmyndahús, skrifstofu- og íbúðarhús. Það er þrílyft, steinsteypt hús með rishæð og bakbyggingum. Upphaflegar teikningar að húsinu gerði Hörður Björnsson tæknifr. og var þá gert ráð fyrir léttum iðnaði á jarðhæð en árið 1977 fékkst leyfi til að innrétta þar kvikmyndahús í staðinn eftir nýjum teikningum Jóhannesar S. Kjarval arkitekts og Finns P. Fróðasonar innanhússarkitekts. Útliti hússins var lítið breytt, en fjórir kvikmyndasalar innréttaðir; stór aðalsalur í bakbyggingu og þrír minni salir í tengdri hliðarbyggingu milli húsanna Hverfisgötu 56 og Laugavegs 39. Á 2. og 3. hæð voru frá upphafi skrifstofur og íbúð á rishæð.

Kvikmyndahúsið *Regnboginn* var opnað í húsinu á annan dag jóla 1977. Það var búið nýjustu tækni í sýningarbúnaði á þeim tíma og var fyrsta fjölsalabíó á landinu og að sögn á Norðurlöndum. Salirnir voru málaðir hver í sínum lit regnbogans og dró kvikmyndahúsið nafn sitt af því. Stofnandi Regnbogans var Jón Ragnarsson, eigandi Hafnarbíós, og rak hann bíóið til ársins 1989. Árið 1990 keypti Bíó hf. (Skífan), Regnbogann og rak áfram sem kvikmyndahús, en 2005-2010 var bíóið rekið undir merkjum Senu ehf. Síðustu sýningar í Regnbognum voru í maí 2010 en í september það ár tók þar til starfa nýtt kvikmyndahús, *Bíó Paradís*, sem starfar þar enn (2019).

Litlar breytingar hafa verið gerðar á útliti hússins frá því að það var byggt en ýmsar breytingar verið gerðar innanhúss. Árið 1983 var innréttað íbúð í hluta af 3. hæð hússins. Sama ár bættist við nýr sýningarsalur í bíóið ásamt sýningarklefa, sem komið var fyrir í húsinu nr. 56. Sá salur var aflagður árið 2013 og var þá aftur lokað á milli húsanna. Jarðhæð hússins var upphaflega meira inndregin frá götu en nú er og miðasala með lúgum staðsett á milli inn- og útgangs. Árið 1994 var framhlið með inn- og útgöngum, miðasölu, útitröppum og palli færð nær götu og forsalar stækkaður. Um leið var sælgætissölubás færður úr miðjum forsala að suðurvegg. Árið 1995 voru tveir af minni bíósölunum í hliðarbyggingunni sameinaðir í einn. Árið 2002 voru bíósalar hússins innréttaðir að nýju og m.a. komið fyrir nýjum sætum, bil milli sætaraða breikkað og gólfefni og veggklæðningar endurnýjað. Síðan hafa verið gerðar ýmsar breytingar vegna brunavarna og aðgengismála, m.a. sett skábraut út á gangstétt (2010). Árið 2011 var miðasala færð inn að austurvegg forsalar. Um leið var sett gler í glugga á framhlið, þar sem miðasala var áður. Árið 2018 fékkst leyfi til að setja svalir á götuhlið, frá íbúð á 3. hæð.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs gildi. Steinsteypt hús í móðernískum stíl. Sérhæfð bygging, hönnuð og byggð sem kvikmyndahús af nútímalegustu gerð með sýningarsölum í bakbyggingum.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt. Kvikmyndahús hefur verið starfrækt í húsinu óslitið frá upphafi. Það var fyrsta fjölsalabíó á landinu, búið nýjustu sýningartækni á sínum tíma. Eina kvikmyndahúsið sem eftir er í miðbæ Reykjavíkur. Þjóðar nú víðara hlutverki, sem vettvangur fyrir kvikmyndatengda menningarstarfsemi, viðburði og fræðslu.

Umhverfsgildi:

Miðlungs/Hátt. Húsið var hannað þannig að það félli vel inn í eldri götumynd húsa frá 4. áratugnum, með þakbrún og gluggaröðum í línu við húsinn hvorum megin. Starfsemi kvikmyndahúss á jarðhæð er mikilvæg fyrir götulíf og staðaranda við Hverfisgötu.

Upprunaleg gerð:

Miðlungs gildi. Húsið gegnir enn upprunalegu hlutverki sem kvikmyndahús en gerðar hafa verið breytingar á aðkomu og innréttingum forsalar og sýningarsala. Nýlegar svalir spilla upprunalegu útliti götuhliðar.

Varðveislugildi:

Húsið hefur miðlungs til hátt varðveislugildi, einkum vegna menningarsögulegs gildis. Það hýsir enn þá sérhæfðu starfsemi sem það var hannað fyrir og er eina starfandi kvikmyndahúsið sem eftir er í miðbæ Reykjavíkur og lifandi vitnisburður um þá menningarsögu. Leggur mikið til götulífs og staðaranda við Hverfisgötu. Stendur innan hverfisverndaðs svæðis (svæðið innan Hringbrautar).